

## 14. Stjórnarfundur í stjórn Alnæmisbarna, 15. febrúar 2005

Haldinn 15. febrúar 2005 á Salatbarnum Faxafeni 9, Reykjavík.

Mætt: Þórunn Sveinbjarnardóttir, Bjarni Reyr Kristjánsson, og María J. Gunnardóttir. Hildur Gestsdóttir.

Barnaheill

Kristín Jónasdóttir hjá Barnaheill sendi tölvupóst og bauð fram aðstoð Barnaheilla til verkefnis CLF í Kampala. Þórunn ætlar að athuga hvað hún er að hugsa.

Heimasíða

- Hugmynd kom upp um að taka saman allar stelpur sem verið hafa hjá CLF. Það væri gaman að halda utan um þetta á heimasíðunni.
- Fram kom að ekki var ljóst hvernig fara ætti með reikning frá Símanum. Bjarni tekur að sér að fara í gegn um tölvupóst um málið og senda Maríu gjaldkera upplýsingar um málið.
- Setja tengil á Zonta á heimsíðuna (BRK).

CLF

- Óljóst hver staðan er á árskýrslunni hjá CLF. Einnig er óljóst með hver staðan er á styrk frá Þróunarsamvinnustofnun. Fram kom að við værum á síðasta ári af þeim 3 árum sem Þróunarsamvinnustofnun ákvað að styrkja CLF.
- María sendi út til CLF, þann 8.2. 2005, 95740 kr. Þóknun fyrir sendingunni var 4000 kr.
- Stelpurnar hjá CLF eru komnar í skóla.
- Rosette er farin að leita að nýjum stelpum til að taka inn hjá CLF:
- Framundan er ferð til CLF. Ferðalagið miðast helst við að kynnast Rosette, stjórn CLF og kynnast starfinu þar.
- Fram kom að 21 stelpa væru hjá CLF og þær ættu 7 eða 8 börn.
- Kertamót hafa verið pöntuð í London og mun Hildur sækja þau og taka með til Kampala.
- Samþykkt að taka með 200.000 kr til CLF, fyrir skólagjöldum og lyfjum. Peningurinn er tekinn með til að spara sendingarkostnað.
- Búið að safna barnaskóm til að taka með til CLF.

Aðalfundur Alnæmisbarna

Aðalfundur árið 2005 verður haldinn þann 31. mars. María gjaldkeri mun útbúa ársreikninga og árskýrslan kemur í hlut Bjarna Reyrs. Þórunn á nokkrar fundargerðir sem hún mun senda Bjarna.

Stuðningsyfirlýsing

Samþykkt að útbúa eyðublað með stuðningsyfirlýsingu. Bjarni Reyri tekur það að sér.

ritari: Bjarni Reyri Kristjánsson.